



VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

Sjálfsmat 2013 -2016

Lokaskýrsla

Gunnar Sveinbjörn Ólafsson

Máí 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Sjálfsmatsáætlun og sjálfsmat 2013-2016.....	4
Vor 2013.....	4
Haust 2013.....	5
Vor 2014.....	5
Haust 2014.....	6
Vor 2015.....	6
Haust 2015.....	7
Vor 2016.....	7
Tímasett umbótaáætlun	8
Tillögur til úrbóta	11
Áfangamat skólaárið 2015-2016	12
Haustönn 2015.....	12
Vorönn 2016.....	12
Lokaorð	13
Viðauki 1 – Verkefnalýsing: FÉL 103 Verkefni 1 – Fjarnemar	14
Viðauki 2: GÁT-028 – áætlun um innra mat	15
Viðauki 3 – GÁT-003 – Áætlun fyrir innri úttektir (1 ár).....	16

Inngangur

Í Verkmenntaskóla Austurlands (VA) hefur verið framkvæmt sjálfsmat með formlegum hætti síðan haustið 2002. Þessari vinnu hefur Gunnar Sveinbjörn Ólafsson stjórnað með fulltingi 3 starfsmanna sem ásamt Gunnari hafa myndað sjálfsmatsnefnd VA. Núverandi sjálfsmatsnefnd mynda auk Gunnars, Pjetur St. Arason kennari, Sigurborg Hákonardóttir fjármálastjóri VA og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir áfangastjóri. Skólaárið 2015-2016 hefur Gunnar unnið í 25% starfi við þetta, en fram að því var hann gæðastjóri meðfram fullri kennslu.

Á haustönn 2014 hófst vinna við innleiðingu á ISO-gæðavottunarkerfi í vélstjórnarnámi VA. Er þar byggt á Gæðahandbók Verkmenntaskólans á Akureyri. Upphaflega átti að einskorða þessa vottun við vélstjórnarnámið en fljótlega urðu stjórnendur skólans sannfærðir um að taka ætti upp ISO gæðavottun fyrir allan skólann. Markaðist vinna sjálfsmatsnefndar af þessu það sem eftir var tímabilsins. Af þessu leiðir að sjálfsmatsnefndin í því formi sem hún er núna leggst af og sjálfsmatið breytist frá og með haustönn 2016 en þá þarf að skipa gæðaráð sem er starfshópur stjórnenda sem fjallar um gæðamál.

Á skólaárinu 2014-2015 var gerð úttekt á starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands 2014. Þessi úttekt var unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið af starfsmönnum Attentus og birtist í skýrslu 15. janúar 2015. Sérstakur kafli fjallar um innra mat í VA og þar kemur m.a. fram að:

- Innra mat skólans uppfyllir að flestu leyti viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat.
- Kynna ætti niðurstöður áfangamats betur fyrir skólaráði, nemendum og foreldrum.
- Sjálfsmatsáætlun þarf að vera ítarlegri en þar vantar m.a. viðmið, mælingar og ábyrgð.
- Matið þarf að endurskoða þegar skólinn hefur útfært frekar kennsluhætti og námsmat í samræmi við markmið og áherslur í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Í lokakafli skýrslunnar, kafla 10, eru settar fram tillögur að aðgerðum til úrbóta. Þar eru tveir liðir sem snúa beint að sjálfsmati VA. Í lið 8 segir að mikilvægt sé að reglulega séu lagðar fyrir kannanir um einelti. Í lið 9 segir að í sjálfsmatsáætlun verði viðmið, mælingar og ábyrg tilgreind og matið kynnt öllum hagsmunaaðilum. Nemendur eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóla.

Fyrir liggja lokaskýrslur fyrir tímabilin 2003-2006, 2006-2009 og 2010-2012 og í þeim má finna ýmsar almennar upplýsingar um Verkmenntaskóla Austurlands. Einnig er hægt að finna almennar upplýsingar á vef skólans www.va.is. Á tímabilinu 2013-2016 voru unnar áfangaskýrslur fyrir

vorönn 2013, skólaárið 2013-2014 og skólaárið 2014-2015 og eru þær á vef skólans www.va.is. Í lok hvernna annar voru niðurstöður sjálfsmats annarinnar kynntar á starfsmannafundi.

Sjálfsmatsáætlun og sjálfsmat 2013-2016

Eins og áður hefur komið fram var þessi áætlun aðallega unnin út frá kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár Verkmenntaskóla Austurlands. Þar er fjallað ítarlega um það sem þarf að meta. Sumt af því er þess eðlis að sjálfsmatsnefndin hefur ekki bolmagn (tíma og fjármagn) til að gera það. Annað á að gera á hverri önn eða hverju skólaári og er hluti af störfum skólameistara, námsráðgjafa og áfangastjóra. Hér á eftir fer upptalning á því sem sjálfsmatsnefndin ætlaði að gera á tímabilinu en eins og fram hefur komið þá var áhersla á vinnu við innleiðingu á ISO 9001 gæðastjórnunarkerfinu þess valdandi að ekki náðist að gera allt sem ráðgert var. Áætlunin var samþykkt með fyrirvara um breytingar á kennarafundi þann 1. febrúar 2013.

Vor 2013

- Áfangamat.
- Meta opnu dagana.
- Kanna hvað gert er af því sem talið er upp í kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár VA.
- Kanna almenna líðan nemenda.
- Kanna þátttöku nemenda í félagslífi.
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Hér náðist að gera allt sem áætlunin gerði ráð fyrir. Almenn líðan nemenda og þátttaka þeirra í félagslífi var kannað með aukaspurningum í áfangamati. Þar gafst nemendum einnig kostur á að nefna hvað þeir teldu að væri til bóta fyrir félagslífið og var þeim hugmyndum komið til stjórnenda.

Samkvæmt tímasettri umbótaáætlun fyrir vorönn 2013 átti að semja vinnureglur varðandi böll, menningarferðir og fleiri viðburði á vegum skólans þ.e. að það væri alveg skýrt hvert hlutverk hvers og eins er sem kemur að þeim. Ein hugmynd var að láta foreldra skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir tækju að sér störf tengd slíkum viðburðum. Þessari vinnu lauk á haustönn 2013.

Haust 2013

- Áfangamat.
- Kanna menntunarstig kennara og endur- og viðbótarmenntun þeirra síðastliðin 5 ár. Afla upplýsinga um aðra skóla frá KÍ.
- Gera úttekt á kennsluáætlunum og samræma. Skoða ISO staðla sem notaðir eru m.a. í VMA og Tækniskólanum.
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

Á haustönn 2013 var einnig gerð könnun á upplifun nýnema af busun. Var þetta gert í samvinnu við geðræktarhóp VA vegna verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Svör bárust frá 20 nýnemum og voru niðurstöðurnar sendar forsvarsmanni hópsins sem vann úr þeim. Einnig var tekin ákvörðun um að skrifa eina skýrslu fyrir skólaárið að vori. Samkvæmt tímasettri umbótaáætlun stóð til að gera geðræktarkönnun á þessari önn en tekin var ákvörðun um að gera hana ekki þar sem VA tekur þátt í Skólapúlsinum.

Vor 2014

- Áfangamat.
- Meta opnu dagana.
- Gera úttekt á þeim námsmatsaðferðum sem notaðar eru í VA og bera saman við fyrri kannanir. Meðal þess sem á að kanna er hvaða aðferð nemendum finnst best.
- Kanna hver sérstakur stuðningur er veittur nemendum og bera saman við könnun sem gerð var á haustönn 2010.
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Til viðbótar við það sem sjálfsmatsáætlunin gerði ráð fyrir var framkvæmt svonefnt annarmat á þessari önn. Í því svara kennarar svipuðum spurningum og nemendur í áfangamati í þeim áfanga sem metinn var hjá þeim. Annarmatið var sent 25 kennurum en svör fengust frá 21. Margt var gert skólaárið 2013-2014. Á vorönn 2014 sleit verkfall framhaldsskólakennara sundur vinnuna sem varð til þess að ekki tókst að gera allt sem til stóð, sérstaklega það sem gert var ráð fyrir í tímasettri umbótaáætlun. Í skýrslu skólaársins voru settar fram nokkrar tillögur til úrbóta varðandi sérstakan stuðning við nemendur og sömuleiðis tillögur sem bæta má við tímasetta umbótaáætlun.

Haust 2014

- Áfangamat.
- Kanna aðbúnað starfsfólks og bera saman við fyrri kannanir.
- Taka saman yfirlit yfir þá viðburði á vegum skólans sem tengja hann samfélaginu nær og fjær.
- Meta skólanámskrá VA.
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

Að loknum nýnemadegi var gerð könnun meðal nýnema um upplifun þeirra af deginum. Flestum fannst dagurinn takast vel. Rétt tæplega helmingur nýnema, eða 48% vildu frekar hafa busun á móti 52% sem vildu það ekki.

Þá var á haustönn 2014 gerð könnun meðal gesta og starfsmanna á Tæknidegi fjölskyldunnar. Einnig var gerð sérstök könnun meðal nemenda og starfsmanna um svonefndan vinnustofudag í aðdraganda miðannarmatsins. Niðurstöðurnar voru kynntar á lokafundi annarinnar og nýttust við skipulagningu vinnustofudaga á vorönn 2015. Allar þessar niðurstöður má sjá í skýrslu skólaársins 2014-2015.

Vor 2015

- Áfangamat.
- Meta opnu dagana.
- Kanna þátttöku nemenda í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli þar sem á þessari önn lýkur fyrstu umferð í gegnum verkefnið.
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Á vorönn 2015 var gerð könnun, bæði meðal nemenda og kennara, um opnu dagana. Í þessari könnun voru nemendur einnig spurðir hvernig þeim litist á að taka þriggja daga einingarbært námskeið í stað opnu daganna. Helmingur þeirra sem svörðuðu leist mjög vel eða vel á það. Starfsmenn voru einnig spurðir að þessu og leist öllum vel eða mjög vel á þessa hugmynd. Þess ber að geta að svörun í þessari könnun var frekar léleg, bæði hjá nemendum og starfsmönnum.

Með skólaárinu 2014-2015 lauk fyrstu umferð í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og því var þátttaka nemenda og starfsfólks í verkefninu könnuð. Einnig hér var svörunin frekar léleg.

Haust 2015

- Áfangamat.
- Fá nemendur í félagsfræði og uppeldisfræði til að taka saman umfjöllun fjölmiðla um skólastarfið og það hlutverk sem skólinn gegnir í samfélaginu.
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

Nemendur í félagsfræði 103 fengu það verkefni að taka saman umfjöllun fjölmiðla um VA. Niðurstöður eru geymdar hjá kennara áfangans. Verkefnalýsing er í Viðauka 1. Ekki vannst tími til að vinna úr þessum niðurstöðum.

Vor 2016 - Samantekt og mat á skólastarfi

- Áfangamat.
- Meta opnu dagana.
- Gerð grein fyrir umbótum og árangri.
- Athugasemdir skóla við sjálfsmat.
- Lokafrágangur sjálfsmatskýrslu fyrir tímabilið 2013-2016.

Á vorönn 2016 var svo komið í vinnu sjálfsmatsnefndarinnar að allur tíminn fór í vinnu við lestur ISO-skjala. Því var eingöngu framkvæmt áfangamat á þesari önn.

Tímasett umbótaáætlun

Haust 2013 - Vinnureglur varðandi böll, menningarferð, o.fl.

Semja vinnureglur varðandi böll, menningarferðir og fleiri viðburði á vegum skólans þ.e. að það sé alveg skýrt hvert hlutverk hvers og eins er sem kemur að þeim. Láta foreldra skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir taka að sér slík störf. Náðist ekki að klára á vorönn 2013 og færirst því til haustannar 2013. **Lokið.**

Haust 2013 - Gátlisti annar

Í upphafi annar þarf að minna kennara á gátlista annarinnar sem hangir framan við kaffistofuna. Þennan lista þarf að endurskoða reglulega, því stundum bætist eitthvað nýtt við sem gott er að minna á, sérstaklega í upphafi haustannar. **Lokið.**

Láta nýja kennara fá gátlistann og fara yfir hann með þeim. Koma aftur upp leiðsögukenndu, þ.e.a.s. einn kennari taki að sér einn nýja kennara. Þetta er vinna sem skólameistari ber ábyrgð á að sé framkvæmd. Skal vera komið í gagnið haust 2013. **Lokið.**

Haust 2013 - Fjarnemar

Gott væri að kanna sérstaklega meðal fjarnema hvernig þeim líkar fyrirkomulagið og fá þeirra sýn á þeirri þjónustu sem skólinn veitir þeim. Eins kom fram á starfsmannafundi að gott væri að kennarar samræmdu kröfur til fjarnema og upplýsingar um þær væru aðgengilegar, t.d. á heimasíðu skólans og í kennsluáætlunum. Þá þarf að brýna fyrir fjarnemum að hafa samband við kennara í upphafi annar.

Þessi mál þarf að fara yfir vandlega. Athuga vel skilgreiningar og hvað stofnanasamningur segir um þetta. Gera haust 2013. **Í vinnslu.**

Haust 2013 - Heimanám í kennsluáætlun

Á fyrsta fundi hveurrar annar er mikilvægt að minna kennara á að setja öll stór verkefni í kennsluáætlun. Einnig að brýna fyrir kennurum að setja allt heimanám á kennsluvef jafnóðum. Byrjar haust 2013. **Lokið.**

Haust 2013 - Umsjónakennarafyrirkomulag

Lagt til að fjölga fundum nýnema á fyrsta ári með umsjónarkennara, t.d. í þrjá á haustönn og tvo á vorönn. Mikilvægt er að hafa fund í upphafi hverrar annar, t.d. á fyrsta skóladegi annarinnar, bæði haust- og vorönn. Byrjar haust 2013.

Halda áfram því fyrirkomulagi að umsjónarkennari fylgi nemendum upp í gegnum árin. **Í stöðugri endurskoðun.**

Haust 2013 - Auka notkun kennsluvefs

Allir kennarar eiga að nota hann. Það skiptir máli varðandi t.d. kennsluáætlanir og kannanir sem gerðar eru innan skólans. Á haustönn 2013 eiga allir kennarar að vera með kennsluáætlun og e.k. dagbók á kennsluvef. **Í stöðugu endurmati.**

Viðbót við haust 2013

- **Auka svörun í áfangamati**

Svörun hefur ekki verið nógu góð, síðast að meðaltali 52%. Brýnt að koma svörun upp fyrir 67% til að kannanir verði marktækar. Virkja skólameistara í að fá kennara með í þessa vinnu. **Í stöðugu endurmati.**

- **Auka notkun kennsluvefs**

Þetta þarf að ræða á kennarafundi. Brýna fyrir kennurum að nota kennsluvefinn. Skylda kennarar til þess. **Í stöðugu endurmati.**

- **Endurskoða áfangamat**

Breyta spurningum um nýtingu á kennsluvef.

Spyrja hvort kennsluáætlun hafi verið sett á kennsluvef í staðinn fyrir í upphafi annar.

Þegar aukaspurningar eru settar inn þarf að taka fram að ef nemendur hafa svarað þeim þá þurfa þeir ekki að svara þeim aftur. **Lokið.**

- **Geðræktarkönnun**

Sérstök könnun um líðan nemenda gerð í samvinnu við geðræktarhóp Heilsueflandi framhaldsskóla.

Endurtaka vorönn 2014. **Lokið.**

- **Funda með stjórn NIVA**

Fara yfir svör við spurningum um hvað sé hægt að gera til að efla félagslíf í VA.

Fara fyrir nýtingu nemenda á þriðjudagstímum og hvernig eigi að skipuleggja þá.

Lokið.

Vor 2014 - Umgengni í setustofu nemenda

Bæta umgengni í setustofu nemenda – spurning hvernig það er best gert. Fela nemendum ábyrgð í samvinnu við NIVA og útskriftarnema sem sjá um sjoppuna? Samkvæmt starfslýsingu húsvarðar ber hann ábyrgð á að umgengni í skólahúsnæðinu sé ávallt til fyrirmyndar.

Eilífðarverkefni. **Í stöðugu endurmati.**

Vor 2014 – Menntunarstig starfskólks

Taka saman upplýsingar um menntunarstig starfsfólks og reyna að fá samanburð við aðra skóla. Liggja fyrir í lok annar. **Lokið.**

Vor 2014 – Félagslífshópar

Kanna aftur þátttöku nemenda í félagslífshópum og í framhaldinu setja tímasett markmið. **Lokið.**

Haust 2014 – Endurmat á námsefni

Skipuleggja vinnu við endurmat á námsefni í tengslum við innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Um leið og brautarlýsingar og áfangalýsingar liggja fyrir þarf að fara fram endurmat á námsefni. Eigum til þess sniðmát frá HA. Þessi vinna ræðst að því hvernig innleiðingarvinnu miðar áfram. Skal vera lokið fyrri haust 2015. **Ekki lokið. Í stöðugu endurmati.**

Vor 2015 – Stefnur skólans

Á vorönn 2015 verði stefnur skólans endurskoðaðar með tilliti til nýju framhaldsskólalaganna og annarra laga sem snerta skólastarfið. **Ólokið. Hluti af innleiðingu ISO-9001 gæðakerfis.**

Tillögur til úrbóta

Í allri vinnu sjálfsmatsnefndar og þegar farið er yfir niðurstöður kannana koma fram hugmyndir og tillögur til úrbóta. Þær sem hafa ekki ratað inn í tímasetta umbótaáætlun eru taldar upp hér neðan við. Ástæða þess að þær voru ekki settar inn er að þegar ISO-9001 gæðastjórnunarkerfið verður tekið upp í skólanum, þá er ekki lengur þörf á tímasettri umbótaáætlun. Rétt er þó að halda þessum tillögum til haga þar sem þær stuðla allar að endurbótum á starfi skólans.


- Fara yfir spurningar í annarmati. Þarf að útbúa verklagsreglu og gátlista skv. ISO-9001.
Hluti af ISO-9001 innleiðingu.
- Fjarnemar – hafa umsjónarkennara fjarnema, samræma reglur ofl. Sbr. það sem kom fram hjá kennurum í annarmati. **Í vinnslu.**
- Nauðsynlegt að nýnemar fái upplýsingar um þær kannanir sem þeir koma til með að svara á skólagöngu sinni. Umsjónarkennarar kynni þetta fyrir þeim á fyrsta fundi og leggi áherslu á nauðsyn þess að svara, bæði fyrir skólann, kennarann og þá sjálfa, þ.e. tækifæri sem þeir hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Áfanga- og annarmat. Virkja kennara betur í þessu. Það hlýtur að teljast fagmennska að láta meta áfanga hjá sér og svara annarmati. Spurning hvort ekki eigi að meta alla áfanga hjá öllum kennurum. Skólameistari þarf að brýna fyrir stundakennurum að þeir eigi að láta meta hjá sér þá áfanga sem þeir kenna. **Hluti af ISO-9001 innleiðingu.**
- Kennarar skoði í lok annar hver notkun nemenda á kennsluvef er yfir önnina. Þetta mætti t.d. gera í lok haustannar og taka saman og kynna á fundi. Nauðsynlegt að fá að vita nákvæmlega hver notkunin er.
- Brýna fyrir kennurum að fara vel yfir kennsluvefinn með nemendum í upphafi annar í öllum áföngum. Uppsetningin er mismunandi hjá kennurum og komið hefur í ljós að sumir nemendur nota alls ekki vefinn og missa þannig af heilmiklu sem fram fer í áfanganum.
- Kynna betur skólafund og fjölga þeim sem sækja hann. Í upphafi vorannar verði lögð fram drög að verklagsreglum varðandi skólafund ásamt drögum að verklagsreglum varðandi úrvinnslu niðurstaðna skólafundar. **Hluti af ISO 9001 – innleiðingu.**
- Hætta alveg með aukaspurningar í áfangamati haust 2015 og stefnt að því að svarhlutfall verði komið yfir 70% á vorönn 2016.
- Fjölga þeim sem taka þátt í Heilsueflandi Framhaldsskóla, bæði vinnu og viðburðum tengdum því. Vor 2017 verði hlutfall þátttakenda komið yfir 50%.

- Á skólaárinu 2015-2016 munu stjórnendur skólans fara yfir þær athugasemdir sem komu fram í könnun um aðbúnað starfsmanna og forgangsraði þeim og setja tímamörk á hvenær þeim skuli vera lokið.
- Vinna áfram að því að auka samstarf VA við aðra skóla. **Í vinnslu.**
- Birta heildarniðurstöður áfangamats á vef skólans.

Áfangamat skólaárið 2015-2016

Haustönn 2015

Á haustönninni voru metnir 25 áfangar og fengust alls 299 svör. Eins og áður þá getur verið að sami nemandi svari fleiri en einu áfangamati þannig að ekki er vitað hve margir nemendur svara. Engin svör fengust í einum og tveir kennarar sinntu ekki kallinu þegar beðið var um nafn á áfanga til að meta. Meðalsvörun var 75% sem er besta svörun hingað til. Eins og venja er voru niðurstöður sendar hverjum og einum kennara og skólameistara. Heildarniðurstöðurnar má sjá á myndinni hér fyrir neðan. Á henni má sjá að 85% nemenda eru ánægðir með það sem spurt var um sem verður að teljast gott.




Vorönn 2016

Á vorönn 2016 voru metnir 29 áfangar og fengust alls 263 svör sem er nokkru færri en á haustönninni. Eins og á haustönn 2015 svöruðu 2 kennarar ekki kallinu. Svörunin var heldur verri á vorönninni eða rúmlega 65% . Í þessu meðaltali eru allir nemendur sem eru skráðir í áfangana

sem metnir eru, líka þeir sem eru „óvirkir“. Þegar miðað er við „virka“ nemendur þá er svörunin rúmlega 80%. Því miður fengust ekki tölur um fjölda virkra nemenda frá öllum kennurum þannig að þessar tölur verður að taka með þeim fyrirvara.

Að þessu sinni var notuð önnur og fljótlegri aðferð við úrvinnslu áfangamatsins og því var á einfaldan hátt hægt að senda kennurum heildarniðurstöðurnar fyrir alla áfangana. Að þessu sinni voru þær ekki birtar á heimasíðu VA, en það verður gert næst. Niðurstöður voru sendar skólameistara og viðkomandi kennara.



Lokaorð

Með þessari skýrslu lýkur matstímabilinu 2013-2016 og sjálfsmati í VA með því formi sem það hefur verið frá því það hófst. Þetta verður jafnframt síðasta skýrslan með þessu formi. Eins og áður hefur komið fram þá hefur verið tekin sú ákvörðun að innleiða ISO-9001 gæðastjórnunarkerfi við skólann og hefist sú vinna haustið 2016. Þá þarf m.a. að skipa gæðaráð við skólann, koma á deildarstjórafundum og setja upp matsáætlun sbr. GÁT-028 og GÁT-003 (sjá Viðauka 2 og 3). Þar sem mest allur tíminn á seinnihluta tímabilsins fór í „ISO-vinnu“ þá vannst ekki tími til að gera allt sem til stóð og ber skýrslan nokkur merki þess. Það er þó von okkar í sjálfsmatsnefndinni að sú vinna sem við lögðum í ISO-vinnuna muni nýtast nýjum gæðastjóra og gæðaráði í innleiðingu gæðastjórnunarkerfis.

Viðauki 1 – Verkefnalýsing: FÉL 103 Verkefni 1 – Fjarnemar

Verkmenntaskóli Austurlands

Fél 103

Verkefni 1 – Fjarnemar

Í þessu verkefni eigið þið að kanna umfjöllun fjölmiðla um framhaldsskóla á Íslandi.

Í áfangalýsingu segir að nemendur eigi að geta langt mat á upplýsingar um menningar- og samfélagsleg málefni líðandi stundar. Einnig eiga nemendur að geta tekið þátt í öguðum rökræðum um samfélagsleg málefni. Þar sem þið eruð fjarnemar munu þið vinna þessa vinnu í verkefnaformi.

Verkefnalýsing

- Finnið 5-6 greinar sem birst hafa í fjölmiðlum og fjalla um framhaldsskóla. Þrjár þeirra þurfa að vera um Verkmenntaskóla Austurlands. Greinarnar eiga helst ekki að vera eldri en 5 ára.
- Segið frá innihaldi greinanna og rýnið í hvort greinarnar séu jákvæðar eða neikvæðar.
- Notið Apa-kerfið í tilvísunum og heimildaskrá, en þið þurfið að geta heimilda, þ.e.a.s hvaðan eru greinirnar sem þið notuðu. (Leiðbeiningar um Apa-kerfið má finna inni á heimasíðu skólans).
- Í upplýsingaleit er best að nota leitarkerfi á netinu. (Google)

Skilafrestur er 2. október

Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband, agust@va.is

Ágúst Ingi Ágústsson

Viðauki 2: GÁT-028 – áætlun um innra mat

Þetta er fyrsta blaðsíðan af 3 sem sýnd er hér.

Nr.: GÁT-028		
Utgáfa: 01		
Dags.: 07.09.2015		
Höfundur: GSO		
Síða 1 af 3		
Verkmennaskóli Austurlands		
Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og ytri og innri úttektir 20xx-20xx		

Markmið með neðangreindri áætlun um innri og ytri úttektir er að móta gæðahugsun skv. ISO staðlinum og ná fram stöðugum umbótum á allri starfsemi VA þ.e. að starfrækjia gæðakerfi er vinnur með stöðugar umbætur. Stöðugar umbætur byða m.a. aukin hagræðing, meiri ánægja viðskiptavina, aukin félagsleg vellíðan nemenda og starfsmanna og bætt fjárhagsleg afköm skólans. Að vinna að þessu markmiði og sannprófa virkni þess er tilgangur innri og ytri úttekta sbr. verklagsreglu [VKL-403](#) Innri úttektir og verklagsreglu [VKL-404](#) Umbætur.

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður							Abyrgð									
			8	9	10	11	12	1	2		3	4	5	6	7				
1	Áfangamat: Könnun meðal nemenda um kennslu, skipulag, samstarf og vinnu í einstökum áföngum og út frá ákveðnum kennurum.	VKL-402, VKL-301				N													GSÓ PÓJ
3	Starfsmannasamtöl: Skólameistari og aðstoðarskólameistari tekur starfsmannaviðtal við starfsmann á 2ja ára fresti. Í viðtalinu eru greindir þættir sem kennararum finnst ganga vel með og hins vegar þættir sem kennarinn vill bæta sig í. Rætt er um starfsþróun og markmiðssetningu sett fram til framtíðar. Niðurstöður úr kennslukönnunum eru ræddar.	VKL-206, LSM-003, LSM-004, GÁT-010, GÁT-020																	EJ
4	Þjónustukönnun: Könnun á þjónustu skólans sbr. skipulit, þ.e. námsráðgjöf, umsjónarkennarar, forvarnir, skólahjúkrun, bókasafn, þjónusta á skrifstofu, húsumsjón, félagsmálaumsjón, skrifstofa o.fl.																		Gæðaráð EJ

Viðauki 3 – GÁT-003 – Áætlun fyrir innri úttektir (1 ár)

Nr.: GÁT-003 Útgáfa: 01 Dags.: 07.09.2015 Höfundur: GSÓ Samþykkt: Síða 1 af 1	Verkmenntaskóli Austurlands Áætlun fyrir innri úttektir (1 ár)	
--	---	--

Úttektarár:

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður												Úttektarmaður	
1	Skjalastýring, Stýring skráa	VKL-104, 105														
2	Stýrt viðhald og rekstur húsnæðis. (Tæki: innkaup og viðhald)	VKL-211, 212, 214, 215														
3	Starfsmannastjórnun, mannauðsstjórnun, ráðning, þjálfun, frammistaða kennara	VKL-206, 207, 208														
4	Umbætur, frábrigði, ábendingar og kvartanir, framvinda áfanga (framvindumat)	VKL-404, 405, 406														
5	Rými stjórnenda, kennslumat og innri úttektir	VKL-401, 402, 403														
6	Bókasafn, innkaup og þjónusta Skrifstofa	VKL-209, 210														
7	Próf, gerð prófa, prófhald, mat prófurlausna, færslur einkunna	VKL-306, 307, 308														
8	Skipulagning kennslu áfanga	VKL-201														
9	Nemendur: Innritun, leiðbeining og útskrift, námsval	VKL-202, 203, 204, 205														
10	Áfangar: kennsla áfanga, hönnun og umbót áfanga, hönnun og umbót námsbrauta, útgafa og endurnýjun kennsluefnis	VKL-301, 302, 303, 305														
11	Heildarstjórnun náms	VKL-106														
12	Stjórnun gæðamála, vinnureglur gæðaráðs, samskipti útávið	VKL-101, 102, 103														